



Ath. á morgun kl. 14

Á morgun milli 14 og 16 ætla Jóna Þorvaldsdóttir að gefa gestum og gangandi innsýn í töfraheim sigldra ljósmyndunaraðferða í síðasta sinn en sýningu hennar í Ljósmyndasafni Reykjavíkur, SKYNNANIR, lýkur um aðra helgi. Þess má einnig geta að í ágúst mun Ljósmyndasafn Reykjavíkur vera með námskeið í bromoil-tækni sem er ein af aðferðunum sem Jóna notar en einn helsti sérfræðingur tækninnar í dag, David W. Lewis, mun kenna námskeiðið.

menning

menning@frettabladid.is

Litbrigði vatnsins glitra enn

Yfirlitssýning Listasafns Reykjavíkur á stikum úr sögu íslenskra vatnslitamála hafa staðið yfir á Kjarvalsstöðum undanfarnar vikur. Aðalsteinn Ingólfsson valdi verkin á sýninguna sem gefur einstaka yfirsýn yfir þann þátt íslenskrar málalistar sem fer oft lágt en er við nánari kynni, sem sýningin leiðir vel í ljós, ótrúlega fjölbreytt efnistöð listamanna okkar á hinu vandmeðfarna forni þar sem vatn, litur og pappír takast á og skila oft yfirskilvitlegum áhrifum.

Sýningunni fylgdi vegleg útgáfa á vegum safnsins og bókaútgáfunnar Opnu á bók þar sem



MYNDLIST Karólína Lárusdóttir, Lýsis-skömmtum, 2008. Galleri List.

Aðalsteinn gerir grein fyrir sögu vatnslitunar hér á landi frá 1880 til 2009. Sextíu listamenn koma þar við sögu og eru gefin dæmi um verk þeirra en Hafþór Yngvarsson ritar formálsorð. Leiðir þessi sýnisbók í ljós afar fjölbreytt efnistöð og viðfangsefni frá þessu 130 ára tímabili.

Á sunnudag lýkur sýningunni á Kjarvalsstöðum en hún er í raun fyrsta tilraun sem gerð hefur verið til skráningar á sögu vatnslitanna í íslenskrum myndlist.

Á sýningunni eru rúmlega 140 verk. Listasafn Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum er opið daglega frá 10 til 17.

> Ekki missa af

Á morgun lýkur þremur sýningum í Nýlistasafninu: Samræði við safneign, sýningu á verkum úr safneign Nýlistasafnsins, sem valin eru af stjórnarmeðlimum safnsins; viðbótarsýningunni Hrókering, sem valin er af sjö myndlistarmönnum af yngstu kynslóðinni, og sýningu félagsmanns mánaðarins, Söru Björnsdóttur, en Sara hefur gert staðbundið verk á vegg og loft í safnbyggingunni við Skúlagötu 28.

Ísafoldarkvartett með tónleika

Ein af ungu grúppunum sem starfa hér á landi úr klassíska geiranum er Ísafoldarkvartettin sem er skipaður þeim Elfu Rún Kristinsdóttur, Helgu Þóru Björgvinsdóttur, Þórarni M. Baldurssyni og Margræti Árnadóttur. Hann hefur leikið saman frá stofnun Kammersveitarinnar Ísafoldar árið 2003 og er sprottinn úr því frjósama umhverfi og samstarfi sem kammersveitin hefur reynst. Kammersveitin Ísafold hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin árið 2008 sem flytjandi ársins í flokki sigldrar og samfimatónlistar og sama ár var hún valin Tónlistarhópur Reykjavíkurborgar.

Ísafoldarkvartettin hefur leikið strengjakvartetta á tónleikum Ísafoldar en ætla nú í fyrsta sinn að halda eigin tónleika með strengjakvartettum eftir Joseph Haydn, Maurice Ravel og Johannes Brahms. Þeir verða í Salnum, Kópavogi á morgun kl. 17. Öll eru þau þrælmenntuð frá unga aldri: Elfa Rún Kristinsdóttir fiðluleikari er Akureyringur og fór að læra fjögurra ára. Hún hlaut fyrstu verðlaun í Jóhann Sebastian Bach-fiðluleikunni í Leipzig, einnig hvatningarverðlaun Evrópska menningarsjóðsins og var valin bjartasta vonin á íslensku tónlistarverðlaununum, allt árið 2006. Elfa Rún hefur leikið einleik bæði heima og erlendis með ýmsum hljómsveitum, meðal annars Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Helga Þóra Björgvinsdóttir fiðluleikari stundaði nám við Tónmenntaskóla Reykjavíkur og síðar við Tónlistarskólann í Reykjavík. Haustið 2004 hóf Helga Þóra nám við Listaháskólann í Berlín, þreytti Helga Þóra Diplom-próf 2007 og hlaut hæstu einkunn. Sem einleikari hefur Helga Þóra leikið fiðlukonsert Johannes Brahms,



TÓNLIST Ísafoldarkvartettin heldur sína fyrstu tónleika á morgun í Salnum.

MYND/SALURINN

tvær rapsódíur fyrir fiðlu og hljómsveit eftir Béla Bartók, og fiðlukonsert nr. 2 eftir Bohuslav Martinu. Um þessar mundir er Helga Þóra búsett í París.

Þórarinn Már Baldursson ólst upp í Aðaldal. Hann stundaði nám við Tónlistarskólann í Reykjavík og útskrifaðist 2002. Sama ár hlaut hann fasta stöðu við Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Margræt Árnadóttir lauk einleikarprófi frá Tónlistarskólannum í Reykjavík 2000, stundaði framhaldsnám við Juilliard og lauk þaðan meistaragráðu 2006. Það sama ár voru henni veitt menningarverðlaun The American-Scandinavian Society. Margræt hefur komið fram á einleiks- og kammertónleikum í Bandaríkjunum, Kína og hér heima; þar á meðal á Tíbrá, Kammarmúsikklúbnum, Kristal og sumartónleikaröð Listasafns Sigurjóns og starfar nú sem sellóleikari í Sinfóníuhljómsveit Íslands. - pbb

Opið hús á Korpúlfsstöðum

Á morgun verður vorhátíð í Sjonlistamiðstöðinni á Korpúlfsstöðum þar sem tugir myndlistarmanna hafa haft aðstöðu um árabíl í skjóli Reykjavíkurborgar. Það eru fjörutíu myndlistarmenn sem hafa þar aðsetur og reka Sjonlistamiðstöðina.

Í tilefni af vorhátíðinni verður opnuð sérstök sýning á verkum þeirra á hlöðuloftinu og á morgun verður þar í boði dagskrá með fjölbreyttu efni auk þess sem vinnustofur listamanna í húsinu verða opnar upp á gátt.

Hópurinn sem hefur aðstöðu á Korpúlfsstöðum er settur saman af listamönnum úr ólíkum geirum myndlegrar sköpunar; málun, grafík, leirlist, textíl, fatahönnun og landslagsarkitektúr eiga þar sína fulltrúa. Vinnustofurnar eru leigðar út þrjú ár í senn, en Samband íslenskra myndlistarmanna, SÍM, leigir aðstöðuna af Reykjavíkurborg og annast endurleigu til áhugasamra, en ásókn í aðstöðuna er mikil og ræður sérskipuð valnefnd hverjir fá aðstöðu þar. Þá eru þar gestavinnustofur og íbúð fyrir erlenda listamenn.

Hópurinn á Korpúlfsstöðum er



MYNDLIST Opið hús á Korpúlfsstöðum á morgun þar sem tugir listamanna hafa vinnustofur. Hér má sjá leirlistakonur að störfum.

FRÉTTABLAÐIÐ / HÖRÐUR

vanur því að fá gesti til að skoða hvað er þar á seyði. Fyrsta laugardag hvers mánaðar er þar opið hús og tvisvar á ári er efnt til samsýningar á hlöðuloftinu sem þau segja stærsta og óvenjulegasta sýningarsal á landinu. Að þessu sinni er yfirskrift sýningarinnar Birta.

Á morgun mun hópur salsadansara mæta á svæðið, Vox Feminae kemur fram undir stjórn Margrétar Pálmadóttur og Einar Már Guðmundsson les upp.

Veitingasala er starfandi í húsinu á morgun og leikur örugglega

mörgum forvitni á hvernig innanstokks er í þessu forna setri Thors Jensen sem var ein stærsta tilraun til að koma á fót stórbúi hér á landi í þann tíma þegar flest býli, jafnvel forn höfuðból, voru smábýli í húsakosti.

Hópurinn stendur fyrir vefsíðu þar sem skoða má hvaða listamenn eru nú um stundir með staðfestu í gamla húsinu á Korpúlfsstöðum: www.korpart.is.

Allir eru velkomnir á morgun til hátíðarhaldanna.

pbb@frettabladid.is

Gripur í anda Ásmundar

Á morgun verður kynnt um úrslit í hönnunarsamkeppni í anda Ásmundar Sveinssonar í Listasafni Reykjavíkur – Ásmundarsafni. Það er dóttir listamannsins, Ásdís Ásmundsdóttir, sem mun afhenda fyrstu verðlaun að upphæð kr. 500.000 en fimmtán bestu hugmyndirnar í samkeppninni verða einnig til sýnis í safninu.

Á sama tíma verður opnuð sýningin Ég kys blómlegar konur... Konur í verkum Ásmundar Sveinssonar, þar sem sjónum er beint að konum og kvenímyndinni í verkum Ásmundar. Þá hefur hluti af vinnustofu Ásmundar verið endurgerður, sem gerir gestum kleift að skyggjast inn í líf og starf myndhöggvarans.

Alls búrast 68 tillögur í hönnunarsamkeppninni um Ásmund Sveinsson en að henni standa verslunin Kraum, Listasafn Reykjavíkur og Hönnunarmiðstöð Íslands. Óskað var eftir tillögum að nytjahlut sem endurspeglar skyldi hugarheim og verk myndhöggvarans og var keppnin öllum opin.

Verðlaunahafi hlýtur verðlaun að verðmæti 500.000 kr. sem Kraum, Listasafn Reykjavíkur, Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins leggja til, auk þess sem hluturinn verður seldur í verslunum Kraums í Aðalstræti og á Kjarvalsstöðum og í safnverslunum Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsi og Ásmundarsafni. Einnig má gera ráð fyrir því að fleiri munir sem búrast í samkeppnina verði valdir til sölu á næstu mánuðum.

Að mati dómnefndar fela þær fimmtán hugmyndir sem sýndar verða í Ásmundarsafni allar í sér skemmtilegar og hugarheim Ásmundar Sveinssonar. Þær endurspeglar ólík tímabil í listsköpun Ásmundar og fela jafnframt í sér afar vel útfærðar lausnir á hugmyndum sem eru í takt við ákveðna meginstrauma, en hana skipa Halla Bogadóttir f.h. Kraum, formaður, Soffía Karlsdóttir f.h. Listasafns Reykjavíkur, Halla Helgadóttir f.h. Hönnunarmiðstöðvar Íslands, Pétur H. Ármannsson arkitekt, Ódinn Bolli Björgvinsson, vörðhönnuður og Ingirafn Steinarsson f.h. SÍM.

Sýningin sem opnuð verður í safninu á morgun, „Ég kys blómlegar konur“, spannar verk frá öllum ferli meistarans. Stór hluti af verkum Ásmundar fjallar um



MYNDLIST Verk og vinna Ásmundar Sveinssonar eiga að endurspeglast í nytjahlut sem verður verðlaunaður á morgun í Ásmundarsafni.

MYND/FRÉTTABLAÐIÐ

konur; allt frá ástríkum mæðrum til stritandi vinnukvænna eða frá viðkvæmum stúlkum til hamslausra tröllkvænna. Titill sýningarinnar er tilvitnun í Ásmund sjálfan í viðtali sem tekið var við hann í Þjóðviljanum sumarið 1961 undir yfirskriftinni „Vinnan er lífið – og fegurðin“.

Verkin á sýningunni lýsa sameiginlegum tilfinningum sem birtast sem tákn sögur fyrirbæra eða skáldskapar. Þau spanna allan feril Ásmundar og sýna allt frá fyrstu raunsaísverkum hans til íburðarmikilla framsetninga hans á kvenkynsmyndunum. Sýningarstjóri er Yean Fee Quay. Sýningin stendur til 17. apríl árið 2011.

Í píramída Ásmundarsafns hefur verið komið upp endurgerð af vinnustofu Ásmundar þar sem ljósi er varpað á vinnuáðstöðu hans í Sigtúninu. Einnig hefur verið sett upp lesstofa þar sem hægt er að fræðast um líf og list Ásmundar í máli og myndum. - pbb

GERÐUBERG
Menningarmiðstöð



2010

Klassík í hádegini

Föstudag 30. apríl kl. 12.15
og sunnudag 2. maí kl. 13.15

Ariur, ljóð og
rússnesk sönglög

Flytjendur: Gissur Páll Gissurarson, tenór,
Nathalía Druzín Halldórsdóttir, mezzosópran
og Nína Margrét Grímsdóttir, píanóleikari.

Á efnisskránni eru verk eftir Tchaikovsky,
Rachmaninoff, Shostakovich, Glinka, Liszt,
Verdi, Massenet, Tosti, Meyerbeer og Lehár.

Verið
velkomin
Ókeypis
aðgangur!

Gerðubergi 3-5 • 111 Reykjavík • Sími 575 7700
gerduberg@reykjavik.is • www.gerduberg.is

